



Ársskýrsla  
ársreikningur  
2006

## **Efnisyfirlit.**

Inngangur.....	bls. 1
Kostnaðarliðir.....	bls. 2
Framkvæmdir .....	bls. 3
Ráðstefnur og fræðsla .....	bls. 4
Ný stjórn Skjólskóga .....	bls. 6
Fundargerðir stjórnar.....	bls. 6
Ársreikningur 2006.....	bls. 11

## Inngangur.

Árið 2006 var að fremur erfitt til skógræktar, einkum var vetur stormasamur og vor kalt en sumar var hið sæmilegasta og næg rekja.

Gróðursettar voru 315.000 skógarplöntur sem er um 50.000 færri en árið.

Gerður var 1 nýr samningur um skógrækt. Starfsmannahald var með óbreyttu sniði og gerður var nýr stofnana-samningur við FÍN. Rekstrarkostnaður lækkaði talsvert frá fyrra ári, einkum vegna aðhalds og minni framkvæmda og tókst að vinna talsvert á uppsöfnuðum halla (sjá ársreikning).




Úr Mjóafirði í Djúpi.

Apríl 2007

## Kostnaðarliðir.

Framlög af fjárlögum 2006 til Skjólaskóga voru 48.700.000. kr, hækkuðu um 1,8 milljón eða 3,7% frá fyrra ári.

Rekstrargjöld árið 2006 voru 47.500.000 kr. og höfðu hækkað um líðlega 3,7 milljónir milli ára. Bein framlög til skógræktar voru 22,6 sem eru ½ milljón lægri upphæð en árið áður.



## Framkvæmdir:


Á árinu var gerður samningur um skógrækt á einni nýrri jörð Birnustöðum í Djúpi alls 82,9 ha.

Árleg gróðursetning hefur ekki aukist síðustu ár en vonandi verður hægt að auka hana talsvert á næstu árum

### 2006


Tegund	Fjöldi
Ilmbjörk	97.510
Sitkagreni/S.bast.	34.040
Hvítgreni	16.940
Blágreni	10.710
Svartgreni	4.514
Rússalerki	42.440
Mýralerki	4.600
Evrópulerki	5.400
Stafafura	20.510
Bergfura	8.760
Lindifura	2.240
Skógarfura	4.040
Alaskaösp	18.990
Reyniviður	8.170
Selja	312
Fjallapínur	455
Græn /Sitkælri	10.680
Blæelri	4.880
Loðvíðir	320
Jörnavíðir	1.470
Gul./Strandavíðir	2.800
Heggstaðavíðir	8.720
Ýmsar tegundir	6.855
Samtals:	315.356

Árleg gróðursetning skógarplantna á vegum Skjólaskóga 1998-2006



Tafla til hægri sýnir fjölda skógarplantna eftir tegundum, en kökuritið neðar sýnir hlutfallslega skiptingu.

Hlutfall tegunda 2006





## Ráðstefnur og fræðsla




Grænni Skógar á Vestfjörðum hófu göngu sína árið 2004 og á árinu var fram haldið samkvæmt áætlun. Eitt af námskeiðum ársins var skógrækt erlendis og í ágústbyrjun fóru 16 nemendur ásamt mökum og þremur starfsmönnum Skjólaskóga í 10 daga ferð um Skosku hálöndin og fræddust um bændaskógrækt af ýmsu tagi þar í landi. Þátttakendur voru stórhreifnir af ferðinni sem og leiðangursstjórn og skipulagi Arnlínar.



Vestfirskir skógarbændur í kvöldverðarboði hjá Sr. John Lister-Kaye hjá *Aigas field centre* (óðalssetur í Hálöndunum þar sem náttúran er rannsökuð og vöktuð af mikilli kostgæfni ásamt annari starfsemi.) Magnús Magnússon og frú heiðruðu Vestfirðingana með nærveru sinni.



Skotlandsferðin var ekki eintóm skemmtun og þurftu „strákarnir okkar“ að taka duglega á til að geta hampað sigurlaunum í Hálendaleikunum í Inverness en þar lögðu þeir að velli lið frá fjórum þjóðum.



Í lok árs kom út *Skógarbók grænni skóga*, Arnlín Óladóttir var í ritstjórn bókarinnar og lagði ómælda vinnu í gerð hennar en ætla má að framlag Skjólskóga til verksins nemi a.m.k. 700.000 króna.



Fræðaðing landbúnaðarins var haldið í Reykjavík 2. og 3. febrúar. Arnlín og Kristján sóttu fræðaðing að þessu sinni.



Fræðaðing skógræktarverkefnanna var að þessu sinni á forsjá Norðurlandsskóga og haldið á Skútustöðum við Mývatn dagana 30. og 31. mars undir yfirskriftinni: Skógarnytjar og skógarumhirða. Allir stafsmenn Skjólskóga sóttu ráðstefnuna.

Heimasíða skjólskóga [skjolskogar.is](http://skjolskogar.is) var opnuð á árinu og þar er komið á framfæri ýmiskonar upplýsingum til skógarbænda.

## Ný lög um Skjólskóga

Alþingi setti hinn 13. júní 2006 ný lög um Landshlutaverkefni í skógrækt (nr 95/2006). Þessi lög koma í stað laga um Héraðsskóga (32/1991), Suðurlandsskóga (93/1997) og laga um Landshlutabundin skógræktarverkefni (56/1999) en það eru þau lög sem Skjólskógar hafa starfað eftir. Megin tilgangur með setningu laganna var að samræma þau lög sem að ofan greinir svo að skógarbændur starfi allir undir sömu lögum.

Megin nýjungar í þessum lögum er að nú eru engin endurgreiðslu ákvæði vegna framlaga til skógarbænda og samningar sem gerðir eru, eru tímabundnir.

Nýtt samningsform hefur verið tekið upp til að koma ákvæðum laganna í framkvæmd og geta þeir skógarbændur sem hafa eldri samning sótt um að fá nýjan samning og verði þannig bundnir sömu kvöðum og aðrir.

Samkvæmt nýju lögnum fækkar um einn í stjórn verkefnana þar sem skógræktarfélag á starfssvæðinu eiga ekki lengur fulltrúa í stjórn.

### **Stjórn Skjólskóga til ágúst 2006:**

**Einar Oddur Kristjánsson** alþingismaður formaður stjórnar.  
skipaður án tilnefningar,

**Sighvatur Jón Þórarinnsson** bóni á Höfða í Dýrafirði.  
Tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vestfjörðum.

**Aðalsteinn Sigurgeirsson** forstöðumaður rannsóknarstöðvar SR. á Mógilsá.  
Tilnefndur af Skógrækt ríkisins.

**Eiður Thoroddsen** rekstrarstjóri á Patreksfirði.  
Tilnefndur af skógræktarfélagum á Vestfjörðum.

### **- frá ágúst 2006:**

**Einar Oddur Kristjánsson** alþingismaður formaður stjórnar.  
skipaður án tilnefningar,

**Ásvaldur Magnússon** bóni í Tröð Öfundarfirði.  
Tilnefndur af Félagi skógarbænda á Vestfjörðum.

**Aðalsteinn Sigurgeirsson** forstöðumaður rannsóknarstöðvar SR. á Mógilsá.  
Tilnefndur af Skógrækt ríkisins.



## Fundargerðir 26-28. fundar.

### 26. stjórnarfundur Skjólskóga

Fundartími: föstudagur 10. febrúar 2006, kl. 10:30 – 16:30 Fundarstaður: Skrifstofa Skjólskóga á Þingeyri

Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Þórarinnsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Eiður Thoroddsen

#### Dagskrá:

1. Fundargerð 25. fundar (27. okt. 2005).  
Samþykkt
2. Staða fjárhags um síðustu áramót  
Samkvæmt fyrirbyggjandi bráðabirgðatölum 2005 eykst hallinn um 1 m kr. milli ára, en uppsafnaður halli í árslok 2005 var 4,6 m kr. Ná verður niður þessum halla t.d. með því að skera niður framlög til nýrra girðingaframkvæmda. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun er reiknað með girðingaframkvæmdum fyrir kr. 3,7 m kr. Auðveldlega má ná þessu niður um 2 m kr. með niðurskurði.  
  
Ræða þarf meðal LHV hvernig standa skuli að greiðslu kostnaðar vegna girðingaviðhalds og hvernig samræma beri greiðslur þ.a. lútandi.  
Samstarfssamningur við Lr hefur falið í sér lækkun á framlögum til framkvæmda.  
Framkvæmdaþátturinn varð 1 m dýrari en ráð var fyrir gert (meira var gert, einkum í girðingum).
3. Framkvæmdaáætlun 2006  
Kynntir var staða samninga við einstakar bújarðir og skipting flatarmáls samningssvæða í flokka (beitarskóga, timburskóga og skjólbelti). Einnig voru kynnt uppgjör á framlögum til einstakra jarða sem eru með samning við Skjólskóga. Sömuleiðis voru kynntar tölur um umsamda framleiðslu, skipt eftir tegundum og framleiðendum (Kvistum, Moshlíð og Ósi).  
  
Samningar á árinu 2005 stækka samningssvæðið úr 1800 í 2300 hektara. Þar með er komið samningssvæði sem er 8 % af því sem á að vera komið árið 2040.
4. Stofnanasamningur Skjólskóga við FÍN  
Stofnanasamningar eru nú í undirbúningi. Einar Oddur Kristjánsson tilnefndur í samninganefnd LHV í samningaviðræðum við FÍN. Auk hans sitja í nefndinni Reynir Stefánsson, f.h. Suðurlandsskóga, og Birgir Hauksson, f.h. Vesturlandsskóga og e.t.v. fleiri.
5. Sérstakt svæðisskipulag – framkvæmdaáætlun 2006-2040.  
Gera þarf nýja áætlun til næstu 35 ára. Umræðu frestað til næsta fundar, þegar fyrir liggja tryggari rauntölur.
6. „Perlan Vestfirðir“, sýning í Perlunni 5.-7. maí nk.  
Vegna niðurskurðar geta Skjólskógar ekki lagt pening í þetta verkefni.
7. Umhirða gamla skógarins í Skógum  
Aðeins eitt samningsform er í gildi hjá Skjólsk., en það fjallar um ræktun nýrra skóga. En í lögum er kveðið á um heimild til stuðnings við verndun og umhirðu skóga sem fyrir er.  
  
Ákvörðun: AÓ falið að kortleggja skóginn og gera tillögur um aðgerðir.
8. Rannsóknarnemar frá Háskólasetri Vestfjarða.  
Lagt fram til kynningar drög að svarbréfi Sæþ um „Áhuga og möguleika Skjólskóga á að taka rannsóknarnema“.
9. Önnur mál.
  - Kristján vinnur að vefsíðu Skjólskóga.
  - Skýrsla kynnt um „Bláberjaframleiðslu í Nova Scotia, Kanada“ (höf. Dagný Sveinbjörnsdóttir). Þar er stunduð *sönn* ræktun bláberja (með græðlingaræktuðum plöntum á ökrum, þar sem uppkeran er vélvædd). Söfnun á sumar- og vetrargræðlinum, prófun á Reykjum; mjög misjöfn niðurstaða. Til stendur að sækja um rannsóknastyrks til Framleiðslusjóðs landbúnaðarins og hugsanlega leita eftir stuðningi í grunnrannsóknir til Rannís á næsta ári.
  - Mófuglar og skógrækt [www.skogur.is](http://www.skogur.is)
  - Sameining Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins.

- Aðalsteinn kynnti nýjar niðurstöður tilrauna um lifun og hæðarvöxt nokkurra grenitegunda og alaskaaspar á Læk í Dýrafirði og Sandlækjarmýri. Fleira ekki gert.

## 27. stjórnarfundur Skjólskóga

Fundartími: fimmtudagur 18. maí 2006, kl. 10:30 – 15:00  
Fundarstaður: Sólbakki Flateyri

Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Þórarinsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Eiður Thoroddsen var fjarverandi en í hans stað sat Jóhann Björn Arngrímsson.

Fundarfrásögn:

1. Fundargerð 26. fundar (10. feb. 2006). Samþykkt.
2. Ársreikningur Skjólskóga 2005 kynntur og ræddur. Samþykktur.
3. Ársskýrsla Skjólskóga 2005 kynnt og rædd. Samþykkt.
4. Væntanlegar samningsjarðir 2006
  - Innri Lambadalur í Dýrafirði – stækkun
  - Tröð í Öndunarfirði – stækkun um 39 ha
  - Klúka í Bjarnarfirði – nýtt svæði: 28,5 ha
  - Melgraseyri á Langadalsströnd – nýtt svæði: 21,5 ha
  - Víðidalsá í Steingrímsfirði – nýtt svæði: allt að 200 ha
  - Bakki í Tálknafirði – nýtt svæði: u.þ.b. 88 ha.
  - Laugardalur í Tálknafirði – nýtt svæði: u.þ.b. 100 ha.

Jarðir og aðstæður kynntar og ræddar. Stjórnin ályktar að þegar sveitarfélög fara út í skógrækt á jörðum sínum kosti þau alfarið girðingaframkvæmdir. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að samningsgerð.

5. Munnleg beiðni Sólbergs Jónssonar í Bolungarvík (6. apríl 2006) um álit Skjólskóga á búrekstrarhæfni jarðanna Leiru og Kjósar í Jökulfjörðum vegna umsóknar Sólbergs um skráningu þessara jarða sem lögbýla hjá Landbúnaðarráðuneyti. Sólberg hefur sótt um að komast með þessar jarðir í skógrækt með samningi við Skjólskóga en var hafnað (4. apríl 2006) þar sem jarðirnar eru ekki skráð lögbýli. Stjórnin ályktar að ekki séu fyrir hendi forsendur fyrir Skjólskóga á Vestfjörðum að meta hvort á jörðinni sé unnt að stunda arðbæra skógrækt („búrekstrarhæfa skógrækt“), sökum þess að ekki er til mælikvarði á efnahagslegri sjálfbærni skógarbúskapar á þessu svæði. En úr því á svæðinu vex náttúrulegt birkikjarr, eru forsendur fyrir aukinni endurheimt birkiskóga og fyrir aukinni trjárækt.
6. Sérstakt svæðisskipulag vegna Skjólskóga á Vestfjörðum hefur verið í undirbúningi mánuðum saman en beiðni hefur verið með lokafrágang þar til sams konar svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga hafi hlotið staðfestingu. Nú hefur Umhverfissráðuneyti ákveðið að staðfesta ekki svæðisskipulagið þar sem það uppfylli ekki ákvæði skipulags og byggingalaga. Umhverfissráðherra rekur frekar ástæður fyrir ákvörðun sinni í bréfi. Óljóst er með framhald málsins en það verður rætt við önnur landshlutaverkefni, Skógrækt ríkisins og Skipulagsstofnun.

Fleira ekki gert. AS/SP

## 28. stjórnarfundur Skjólskóga

Fundartími: Miðvikudaginn 29. nóvember 2006, kl. 11:00 – 20:00  
Fundarstaður: Hótel Saga Reykjavík.

Mættir: Einar Oddur Kristjánsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ásvaldur Magnússon og Sæmundur Kr. Þorvaldsson.

Fundarfrásögn: Liðir 3, 4 og 5 á sameiginlegum fundi stjórna allra landshlutaverkefna með Landbúnaðarráðuneyti. Níels Árni, lögfræðingur o.fl. (11:00-17:00)

1. Fundargerð 27. fundar (18. maí. 2006).  
Frestað.
2. Ný stjórn Skjólskóga á Vestfjörðum.  
Kynnt.
3. Ný lög um landshlutaverkefni í skógrækt.  
Kynnt og rædd.
4. Nýir samningar.  
Kynntir, útskýrðir og ræddir. Samningsform og ákvæði hafa verið kynnt og rædd við LHV og LHS. Samningurinn væntanlega tilbúinn á næstu vikum. Gert ráð fyrir að aðilum sem eru með eldri samninga verði boðið að gera nýja samninga og losna þar með undan m.a. endurgreislúákvæðum þess gamla.

5. Rannsóknir LHV.  
Aðalsteinn Sigurgeirsson flutti erindi um aðkallandi nauðsyn rannsókna á ýmsum þáttum sem snúa að árángri LHV, einkum til að bregðast við vandamálum sem upp virðast koma víða um land. Úttektir á Suðurlandi og vísbendingar í ÍSÚ á landsvísu benda til óviðunandi árangurs í nýgróðursetningum. Aðalsteinn lagði til að hrundið yrði af stað rannsóknarverkefni til 6 ára til í þessu skyni.

Í greinargerð við lagafrumvarp um Suðurlandsskóga árið 1997 var kveðið á um að 2,5% af heildarveltu verkefnisins skyldi árlega renna til „tilrauna og rannsókna á þeim skógfræðilegu vandamálum sem upp kunna að koma“, í samvinnu við Rannsóknastöðina á Mógilsá. Var þetta rökstutt með því að fjármagn Mógilsár væri ónógt til þess að standa straum af hagnýtum og nauðsynlegum rannsóknum til stuðnings starfsemi Suðurlandsskóga. Í áætlunum annarra LHV (sem stofnað var til með lögum árið 1999) var einnig gert ráð fyrir að sama hlutfallstala af veltu þeirra yrði varið til tilrauna og rannsókna og hjá Suðurlandsskógum. Því ættu árlega að vera 12-13 m kr. til þess að ráðstafa í kostnað af tilraunum og rannsóknum í þágu LHV (2,5% af 500 m kr). Frá því að þessi lög voru samþykkt hefur skógræðsla á landinu stórukist. Engu að síður hefur fjármagn RSr til hagnýtra rannsókna í þágu LHV heldur farið rýrnandi með hverjum fjárlögum og hefur það einkum komið illa á þeim verkefnum sem ekki njóta aðfenginnar fjármögnunar úr rannsóknasjóðum. Lítið hefur skilað sér af þeim 2,5% sem í upphafi var áformað að verja til tilrauna og rannsókna í samvinnu LHV og Mógilsár. Á sama tíma hafa komið fram vísbendingar um mikil afföll í gróðursetningum LHV. Á þessu verði að ráða bót, til þess að viðhalda trúverðugleika verkefnanna, og að slíkt sé best gert með rannsóknum.

Í erindi sínu kynnti Aðalsteinn drög að rannsóknarferli (markáætlun um rannsóknir í skógræðslu) sem miðaði að því að finna lausn á vandamálum í nýskógrækt á landinu. Benti hann í því sambandi á fyrirliggjandi niðurstöður ýmissa rannsóknarverkefna Mógilsár sem bentu til þess að draga mætti úr afföllum og bæta árangur gróðursetninga með því að þróa ræktunaraðferðir og bæta gæði þess efniviðar sem notaður væri í skógrækt. Hér væri á ferðinni viðamikil verkefni sem einn sérfræðingur þyrfti að helga sig og margir sérfræðingar yrðu að taka þátt í. Ráða þyrfti nýjan sérfræðing til starfa til þess að helga sig verkefninu. Engir fjármunir væru á lausu hjá Mógilsá til þessa verkefnis, svo ef ekki kæmi til utanaðkomandi fjármögnun.

Gera má ráð fyrir að árlegur kostnaði yrði 10 milljónir og ólíklegt að aðrir en LHV myndu leggja fé í þessa rannsókn, þar sem hér er um að ræða hagnýtar rannsóknir sem snúa að fjölmörgum þáttum, s.s. ræktunaráætlunum, plöntugæðum, kvæmavali, vali á landi, áburðarnotkun og vinnubrögðum.

Þetta mál verður rætt í stjórnun og ákvörðun á að liggja fyrir um áramót. Í hlut Skjólskóga kæmi 10% kostnaðar eða 1 milljón (ca 2 % af rekstrarfé)

6. Staða framkvæmda 2006.

Framkvæmdir hafa gengið vel á árinu og náðst hefur að hala inn 4 milljónir af 5 sem útaf stóðu um síðustu áramót. Talsverðir skaðar á plöntum í ræktunarstöðvum ollu samdrætti í gróðursetningu en alls voru gróðursettar 315.000 plöntur en stefnt hafði verið að 350.000. 5 km. skjólbelti voru lögð út á árinu. Alls var varið um 22 milljónum til beinna framlaga (bárðabyrðatölur)

7. Væntanlegar samningsjarðir 2007.

- Innri Lambadalur í Dýrafirði – stækkun
  - Tröð í Öndunarfirði – stækkun um 39 ha
  - Klúka í Bjarnarfirði – ný jörð: 28,5 ha (Skipulagsstofnun)
  - Víðidalsá í Steingrímsfirði – ný jörð: allt að 200 ha
  - Bakki í Tálknafirði – ný jörð: u.þ.b. 88 ha.
  - Hvesta Arnarfirði – ný jörð: 34 ha.
  - Innri Hjarðardalur Önundarfirði – ný jörð: 15 ha
  - Mýratunga II – stækkun um 34 ha
- Kynnt og rætt.

8. Endurskoðun stofnanasamnings við FÍN, sbr. 4. lið 26. fundar 10.02.06.

Lagt fram bréf dags. 20. nóv. s.l. frá Arnlíni Óladóttur og Kristjáni Jónssyni þar sem þau lýsa áhyggjum sínum yfir að ekki skuli enn hafa verið gengið frá stofnanasamningi við FÍN á sömu nótum og gert hefur verið hjá öðrum landshlutaverkefnum.

Formaður hefur farið með þetta mál og hann upplýsti að tæpt 1% bæri á milli að samningar næðust við FÍN s.l. sumar, en hann telur Skjólskóga ekki hafa heimild til hækkunar umfram rammasamnings við frjálmálaráðuneyti. Málið vinnist áfram og skal tekið til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar, upp úr miðjum des. nk.

9. Skógarbók grænni skóga. Útgáfa – kostnaður.

Framkvæmdastjóri upplýsti að upp væri komin ágreiningur milli Skjólskóga og útgáfustjórnar um kostnaðarskiptingu. Skjólskógar teldu sig vera búina að axla kostnað a.m.k. 1. milj. kr. umfarma það sem ráð var fyrir gert og um samið. Útgáfustjórn hefur verið krafín um uppgjör kostnaðar og verið er að vinna málið þar á bæ. Upplýst var að 1 landshlutaverkefnið sagði sig frá verkefninu snemma í ferlinu en um það hefur ekki verið upplýst af hálfu verkefnisstjórnar. Bókin mun koma út 8. des. nk.

Fleira ekki gert,

Sæmundur Kr. Þorvaldsson.